



# SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2016 - 2017

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 17. maí 2017

Stjórn HRFÍ

## Efnisyfirlit

Skrifstofa.....	2
Starfsmannamál.....	2
Opið hús.....	3
Reglubundið starf innan félagsins .....	4
Félagsmenn og ættbókarskráningar.....	4
Heilsufarspróf .....	4
Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ.....	4
Innflutningur hunda.....	4
Hundasýningar .....	4
Vinnupróf.....	5
Veiðipróf.....	5
Sólheimakotsnefnd .....	6
Íþróttadeild og hundaskóli HRFÍ .....	6
Þjónustu- og afrekshundur ársins.....	6
Ungmennadeild .....	7
Sýningadómarar.....	7
Veiðiprófsdómarar.....	7
Hringstjórar.....	7
Skráningar.....	7
Félagsblaðið Sámur.....	8
Starf ræktunardeilda .....	8
Hlutverk og verksvið ræktunardeilda.....	8
DÍF: Endurskoðun ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins.....	9
Kröfur um heilsufarspróf og reglur um undaneldi hunda.....	10
Samráðsfundir ræktunarstjórna og stjórnar HRFÍ.....	10
Deildarsýningar.....	10
Vinna við endurskoðun reglna um starfshætti ræktunardeilda og tillögur starfshóps félagsins .....	10
Húsnæðismál .....	10
Reglugerð um hollustuhætti.....	11
Erlent samstarf .....	11
Á döfinni .....	11

# Skýrsla stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

Starfsárið 2016 – 2017

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi félagsins 17. maí 2017 en í henni er gerð grein fyrir margbættri starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn í veislusal Spretts 26. maí 2016. Á fundinum voru kjörin í stjórn Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson. Guðbjörg Guðmundsdóttir var kjörin varamaður.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Herdís Hallmarsdóttir, kjörin formaður, Daníel Örn Hinriksson, varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson, gjaldkeri og Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari. Í meðstjórn var Pétur Alan Guðmundsson en Guðbjörg Guðmundsdóttir og Brynja Tomer voru varamenn.

Áður en ný stjórn hóf störf bauð formaður félagsins stjórn og fyrrum framkvæmdastjóra á vinnustofu til að skoða sameiginlega áherslur stjórnar næstu mánuði. Niðurstaðan var að leggja áfram áherslu á að gera gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum um ræktunardýr. Eins þyrfti að skoða húsnæðismál félagsins sem og taka til skoðunar skóla- og fræðslumál innan félagsins. Sérstaklega var farið yfir góða stjórnarhætti og komist að samkomulagi um verklag og trúnað innan stjórnar.

Stjórn hefur þess utan fundað nítján sinnum á starfsárinu og hafa þrjú fulltrúaráðsfundir verið haldnir.

## Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í húsnæði félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Á skrifstofunni starfa nú þær Guðný Rut Isaksen verkefnastjóri og Erna Sigríður Ómarsdóttir skrifstofumaður. Verkefnastjóri stýrir skrifstofu og sinnir sama starfi og framkvæmdastjóri gerði áður að því undanskyldu að stjórn hefur tekið við starfsmannamálum. Vegna þeirrar breytingar þótti rétt að gera breytingu á starfsheiti þar sem framkvæmdastjórn felur í sér forræði á starfsmannamálum. Þá hefur verið gerður þjónustusamningur við Reglu ehf. um að færa bókhald félagsins

Stjórn hefur varið talsverðum tíma á árinu í að endurskoða rekstur og verkferla á skrifstofu.

Í framhaldi af 6 og 9 mánaða uppgjöri félagsins var tekin ákvörðun um hækkun á gjaldskrá félagsins. Vegna kjarasamningsbundinna hækkana á launum og aukins launakostnaðar, meðal annars vegna fæðingarorlofs og tímabundinna ráðninga var nauðsynlegt að hækka einhverja liði. Reynt var að stilla hækkun á þjónustu við félagsmenn í hóf og hækka frekar gjöld vegna þjónustu við utanfélagsmenn. Þeir liðir sem hækkaðir voru árið 2016 voru ekki hækkaðir aftur.

## Starfsmannamál

Talsverðar mannbreytingar hafa orðið á skrifstofu félagsins á árinu. Framkvæmdastjóri félagsins, Fríður Esther Pétursdóttir, bar ábyrgð á starfsmannahaldi þar til hún lauk störfum um miðjan október. Þegar hún hætti störfum tók stjórn við starfsmannamálum.

Klara Ágústa Símonardóttir var í fæðingarorlofi sem og orlofi frá júní 2016 til 1. mars 2017 en sinnti bókhaldi fyrir félagið í hlutastarfi. Stefanía Sigurðardóttir var ráðin staðgengill Klöru meðan hún var í

fæðingarorlofi. Hún sinnti skráningum ættbóka, umskráningum og heilsufarsupplýsingum og var hún í fullu starfi. Hún var ráðin tímabundið í 10 mánuði frá 1. júní 2016 til loka febrúar 2017.

Rúna Helgadóttir var í hlutastarfi meðan framkvæmdastjóri var í fæðingarorlofi. Hún hætti störfum í maí 2016 en kom aftur í hlutastarf síðla sumars 2016 þar til hún fór í nám.

Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir hætti störfum í ágúst 2016. Fram hafa komið tilvik þar sem greiðslur frá félagsmönnum, sem áttu að berast félaginu, fóru inn á einkareikning Kristlaugar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir stjórnar um skýringar og endurgreiðslu hafa engin svör borist. Í því ljósi átti stjórn ekki annan kost, að höfðu samráði við skoðunarmenn og starfandi lögmennt í laganefnd félagsins, en að kæra málið til lögreglu og senda kröfu á viðkomandi í lögfræðilega innheimtu.

Erna var ráðin á skrifstofu félagsins í hennar stað frá og með september 2016 og er hún í fullu starfi. Erna sinnir öllum almennum skrifstofustörfum, undirbúningi og framkvæmd sýninga, uppfærslum á heimasíðum og samfélagsmiðlum, tekur við og afgreiðir umsóknir um meistaratitla, sinnir gotskráningum, umskráningum, augnskoðunum og öðrum tilfallandi verkefnum. Hún sér einnig um fréttabréfið Litla Sám.

Þann 6. október síðastliðinn sagði Fríður upp starfi sínu hjá félaginu og var í framhaldinu gerður við hana starfslokasamningur. Við uppgjör ársins 2016 kom í ljós að tiltekna greiðslur, sem Fríður hefði látið renna til sín sem framkvæmdastjóri félagsins án heimildar stjórnar, sem voru umfram það sem kveðið var á um í starfslokasamningi. Við frekari skoðun komu í ljós erlendar greiðslur án heimildar. Við uppgjör kom jafnframt í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri stóð hvorki skil á lögboðinni staðgreiðslu og öðrum launatengdum gjöldum vegna þriggja mánaðarlauna og jafnframt voru engir launaseðlar gerðir vegna sömu mánaða. Stjórn var því nauðugur kostur að leita til ríkisskattstjóra og óska eftir leiðréttingu og greiða álag og dráttarvexti vegna síðbúinna skila. Stjórn hefur, í samráði við félagskjörna skoðunarmenn og að fengnu álit starfandi lögmannna í laganefnd félagsins, sett fram kröfu um tjón sem af þessu hlaut sem og um endurgreiðslu ofgreiddra greiðslna vegna starfsloka.

Guðný Rut Ísaksen var ráðin í stöðu verkefnastjóra félagsins í byrjun nóvember síðastliðinn. Guðný sinnir störfum sem áður tilheyrðu framkvæmdastjóra, utan starfsmannamála. Hún ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, viðburðum á vegum þess, kynningar- og fræðslumálum, sér um samskipti við hagsmunaðila innan og utan félags, upplýsingamiðlun og framfylgir ákvörðunum stjórnar. Guðný sinnir einnig skráningum, augnskoðunum og öllum tilfallandi verkefnum á skrifstofu.

Eftir að stjórn tók við starfsmannamála var strax gengið í það að ganga frá skriflegum ráðningarsamningum við þáverandi starfsmenn félagsins, Ernu Sigríði og Stefaníu, en þeir voru ekki til staðar. Þá var gengið frá starfslokasamningi við Fríði og síðar Klöru og eins gerður skriflegur ráðningasamningur við Guðnýju. Fulltrúi stjórnar samþykkir launagreiðslur sem verkefnastjóri greiðir út. Er þetta gert í samræmi við góða bókhaldsvenju og með það að markmiði að tryggja örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóti tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Gengið hefur verið frá skriflegum starfslýsingum allra starfsmanna og ferlar reglulegra verkefna skráðir eins og mögulegt er. Verkferlar þessir verða grunnur að handbók fyrir starfsmenn félagsins sem er í smíðum.

Opið hús

Opið hús var haldið í október 2016 í kjölfar spurninga sem vöknúðu í kringum starfsmannamál skrifstofu. Er það von stjórnar að mörgum spurningum hafi verið svarað á þeim fundi og einnig að þeim sé gerð ítarlegar grein fyrir í þessari skýrslu. Fjöldmargir hafa komið að máli við stjórn félagsins og lýst yfir óánægju með að efni fulltrúaráðsfunda skili sér illa frá ræktunarstjórnun til félagsmanna. Til

skoðunar er hjá stjórn að bjóða reglulega upp á opið hús, jafnvel í tengslum við fulltrúaráðsfundi félagsins.

## Reglubundið starf innan félagsins

### Félagsmenn og ættbókarskráningar

Talsverðar breytingar eru á sumum þáttum í hefðbundnu starfi félagsins. Ættbókarskráningum fjölgaði talsvert, eða um 18%, og gotum um 15% á árinu. Félagsmönnum fjölgaði um 1145 eða 37% og má rekja það til aðgerða stjórnar til að fjölga félagsmönnum. Ákveðið var að bjóða nýjum hundaeigendum ókeypis félagsaðild á árinu 2016, svo fremi sem þeir hefðu ekki áður verið aðilar að félaginu. Við samanburð á fjölda félagsmanna árin 2015, 2016 og svo í apríl 2017 má sjá að aukning félagsmanna á milli árunna 2015 (1916) og 2016 (3061) hefur skilað sér á árinu 2017 (3055). Stjórn er ánægð með árangurinn.

Stjórn ákvarðaði á tímabilinu að formaður Hundaræktunarfélagsins Íshunda, sem hafði fengið aðild að félaginu án athugasemda hjá skrifstofu, uppfyllti ekki skilyrði um félagsaðild og var nafn hennar felld úr félagatali og árgjöld endurgreidd.

### Heilsufarspróf

Augnskoðun hefur staðið í stað á milli ára. Fjórar augnskoðanir voru á vegum félagsins, þrjár í Reykjavík og ein á Akureyri. Það voru dönsku dýralæknarnir, Jens Knudsen og Susanne Kaarsholm, sem skoðuðu hundana. Mjadmamyndir standa einnig í stað en olnbogamyndum hefur fækkað.

### Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ

Stjórn gerði tillögur að og samþykkti, að höfðu samráði við vísindanefnd, siðanefnd og ættbóka- og staðlaráð, breytingar og viðbætur á reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ. Breytingarnar voru byggðar á norrænu regluverki, aðallega reglum SKK og FKK. Þá höfðu ábendingar komið um að reglugerðin fullnægði ekki lágmarkskröfum FCI sem gilda um ræktun innan aðildarfélaga samtakanna. Breytingarnar fela meðal annars í sér að eigendur tíka, sem skrá got, þurfa að vera félagsmenn og þar með gangast undir reglur félagsins. Þá var bætt við reglu um lánshunda og felld út ákvæði um sönnun þess að hundur hafi farið í gegnum einangrunarstöð. Í samræmi við FCI-reglur var síðan hnykkt á banni á ræktun hunda með útilokandi galla og þar sem verulegar líkur eru á bæklun og óheilbrigði afkvæma.

### Innflutningur hunda

Innfluttum hundum fjölgaði á milli ára eða um 21% og voru þeir 102 á árinu. Fjórar nýjar tegundir voru skráðar í félagið á árinu; Manchester Terrier, Korthals Griffon, Pudelpointer og Bracco Italiano.

### Hundasýningar

Fækkun varð á sýndum hundum á árinu en heilt yfir nam hún 31%. Ástæðuna má að stærstum hluta rekja til þess að árið 2015 voru fleiri sýningar haldnar. „All breed“-sýningar voru sex árið 2015 en fimm 2016 og eins voru fleiri deildarsýningar árið 2015. Árið 2017 fer þó afar vel af stað og stefnir allt í mjög gott sýningarár ef svo fer sem á horfir enda hefur sýningarstjórn í samráði við nýjan verkefnastjóra gert mikið átak í kynningarmálum. Nýbreytni var gerð í því að útbúin voru myndbönd til að kynna Norðurljósasýningu og hvolpasýningu félagsins í mars 2017 og fengu myndböndin samtals um 40.000 áhorf á samfélagsmiðlum og mikla dreifingu.

Fleiri hvolpar voru sýndir á hvolpasýningum 2016 en 2015 en þátttaka þeirra jókst eftir því sem leið á árið. Þannig voru skráðir 124 hvolpar á hvora sýningu í febrúar og júlí, 109 í september og 160 í nóvember. Í mars 2017 voru 215 hvolpar skráðir og er það metþátttaka. Það er því líklegt að frígjaldið sé hvetjandi til að skrá á hvolpasýningar og virðist aðsókn áhorfenda á hvolpasýningarnar einnig vera

að aukast mikið á milli sýninga. Nokkur tækifæri liggja í hvolpasýningunum, bæði hvað varðar áhorfendur og kynningu á starfi félagsins almennt, enda eru hvolpasýningar tilvaldar til að kynna starfið fyrir nýjum félagsmönnum og einnig til að leyfa áhugasömum áhorfendum að kynna sér tegundir og spjalla við þá sem vel þekkja til.

Alls hélt félagið eina meistarastigssýningu, fjórar alþjóðlegar sýningar og fjórar hvolpasýningar á árinu. Þriðja árið í röð var tvöföld útisýning haldin á Víðidalstúninu en aðrar sýningar félagsins voru haldnar í reiðhöll Fáks, einnig í Víðidal. Mikið verk er að skipuleggja og setja upp stóra sýningu og eru þessir stærstu viðburðir félagsins háðir því að félagsmenn leggi hönd á plóg við hin ýmsu tilfallandi störf.

Nordisk Kennel Union (NKU) hefur samþykkt reglur vegna Norðurlandasýninga (Nordic Show Rules) en fyrstu sýningarnar verða árið 2018. Í kjölfarið var ákveðið að breyta sýningaskipulagi þannig að árið 2018 verða tvær innisýningar í stað þriggja og tvær tvöfaldar útisýningar í stað einnar. Sýningum fjölga því um eina og verða sex í stað fimm; þrjár verða alþjóðlegar (FCI) sýningar (hafa verið fjórar) og þrjár verða Nordic (NKU) sýningar.

Á árinu samþykkti stjórn tillögur sýningarstjórnar um ungliðameistaratitil og öldungameistaratitil, auk annarra minni breytinga á sýningareglum. Þá var nýr titill, Norðurljósameistari, samþykktur sérstaklega í tengslum við febrúar/mars-sýningar félagsins. Sýningarstjórn hefur verið að vinna með þessu sýninga og hefur það gert yfirbragð og kynningarstarf markvissara.

Boðið var upp á beinar útsendingar af sýningu félagsins í mars 2017 við góðan orðstír.

Styrktarsamningar félagsins hafa verið í gagngerri skoðun í takt við áherslu á kynningarstarf og breytta tíma og hefur stjórn fundað með styrktaraðilum á tímabilinu. Unnið er að því að endurskoða samninga og gera þá skriflega þar sem við á en styrktaraðilum er jafnframt þakkaður öflugur stuðningur við félagið á árinu.

#### Vinnuþróf

Boðið var upp á 13 hlýðniþróf á árinu og voru 93 skráningar í þau próf sem er aukning um 17% frá fyrra ári.

Nokkrar breytingar urðu á starfsemi Vinnuhundadeildar á árinu en ný stjórn tók þar við taumunum og fékk það hlutverk að endurvekja deildina og byrjar hún með miklum krafti. Þegar hefur verið samþykkt áætlun prófa 2017, nýjar reglur um sporapróf liggja fyrir til samþykktar og einnig er verið að undirbúa nýja keppnisgrein sem kallast rally-hlýðni. Gaman verður að fylgjast með áframhaldandi starfi og nýjungum deildarinnar. Retrieverdeild stóð einnig fyrir þremur hlýðniþrófum á árinu með samtals 22 skráningum. Reglur um sérstök vinnuþróf fyrir Retrieverhunda voru samþykktar og munu fyrstu prófin vera haldin sumarið 2017.

#### Veiðipróf

8% fækkun varð á heildarskráningum í veiðipróf. Undir merkjum tegundahóps 7 voru 260 skráningar í samtals átta veiðipróf. Fuglahundadeild var með fimm veiðipróf á árinu, Vorstehdeild með tvö próf og Írsk setterdeild með eitt próf á sínum vegum. 121 skráning var í próf hjá Retrieverdeild sem hélt ellefu veiðipróf og standa þau undir sér rekstarlega.

Í framhaldi af tapi á veiðiprófum fyrir tegundahóp 7 árið 2015 fóru stjórn og starfsmenn skrifstofu í vinnu til að auka skilvirkni milli umsókna og uppgjors svo áætlanir stæðust. Ánægjulegt er að sjá að þessi vinna hefur skilað sér og próf eru nú rekin með hagnaði sem er jákvæð þróun og vonandi komin til að vera.

Tvær deildir í tegundahópi 7 sóttu um sjálfstæðan fjárhag veiðiprófa vegna prófa á árinu 2017. Umsóknir frá veiðiprófanefndum komu seint til stjórnar HRFÍ sem þurfti að kalla eftir þeim um mánuði eftir að fresti lauk. Umsóknirnar voru þá sumar ekki fullunnar og vantaði í þær upplýsingar auk þess að próf sköruðust á með tilliti til skráningarfrests. Stjórn félagsins hitti fulltrúa tveggja deilda og náðist að lokum að samhæfa veiðiprófadagskrár fyrir tegundahópinn. Til að einfalda og auðvelda deildum að sækja um veiðipróf gerði stjórn verklagsreglur um umsóknir og kostnaðaráætlanir fyrir veiðipróf og sendi til stjórna deildanna. Er það von stjórnar að þetta muni flýta fyrir umsóknarferlinu í haust.

Sérstakt opið veiðipróf fyrir fuglahunda af meginlandskyni var í fyrsta sinn haldið hér á landi í apríl. Ánægja var meðal þátttakenda í prófinu og er það von manna að þessari tegund prófa verði bætt í veiðiprófaflóru tegundahóps 7. Um var að ræða fyrsta hluta prófsins, það er á heiði en seinni hluti, vatnavinna og spor, verður haldinn í sumar. Á undan prófinu var haldið námskeið þar sem farið var yfir framkvæmd prófsins. Eftir er að vinna og samþykkja reglur fyrir þessa tegund prófa á Íslandi.

Í október 2016 var haldið heimsmeistaramót standandi fuglahunda í Dronninglund í Danmörku. Umsókn kom frá þeim Bergþóri Antonssyni og Guðna Stefánssyni um heimild til að taka þátt í mótinu. Óskir um þátttöku í móti sem þessu krefjast þess að umsóknir berist tímanlega með fullnægjandi upplýsingum um þátttakendur, árangur þeirra og í hverju skal taka þátt. Eftir nokkur samskipti, þar sem gögn og reglur voru skoðuð, samþykkti stjórn umsóknirnar. Bergþór Antonsson tók þátt fyrir hönd Íslands og stóð sig með prýði. Hópur Íslendinga fór á mótið og hvatti Bergþór og hundinn Fjallatinda Stíg sem er ræktaður hér á landi. Stjórn óskar Bergþóri Antonssyni til hamingju með frammistöðu sína og þátttöku og þakkar fyrir hans framlag á heimsmeistaramótinu.

Síða- og verklagsreglur fyrir íslenska fuglahundadómara tóku gildi í janúar 2017 og eins reglur fyrir dómaraáð í tegundahópi 7. Eftir að athugasemdir bárust frá þremur deildum innan tegundahóps 7 er verið að fara yfir reglurnar og er þeirri vinnu nær lokið. Reglurnar verða svo kynntar fyrir dómurum tegundahóps 7 og síðan öllum áhugasömum félagsmönnum á opnum fundi.

#### Sólheimakotsnefnd

Sólheimakot og svæðið umhverfis það er perla fyrir félagsmenn og tilvalið til ýmissa nota; fyrirlestra, opinna húsa, samkundna og námskeiða. Kotið er vel nýtt af félagsmönnum og er bókað nánast hverja helgi yfir árið. Sólheimakotsnefnd gafst ekki tími til að klára málningarvinnu sem byrjað var á árið áður vegna rigninga. Vatn var ekki á kotinu stóran hluta árs sem hamlaði ýmsum framkvæmdum. Nú er hafin vinna að því að leysa vatnsmálin og beðið eftir þurrviðrakafli til að klára málningu utanhúss og fleiri breytingar innanhúss. Laus eru sæti þriggja aðila í Sólheimkotsnefnd og verður skipað í hana á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

#### Íþróttadeild og hundaskóli HRFÍ

Nemendum hundaskólans fækkaði milli ára en skólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. Kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir. Íþróttadeild hefur boðið upp á hundafiminámskeið, æfingar og próf. Fækkun var einnig á fjölda þeirra sem stunduðu hundafimi á milli ára en umtal og áhugi virðist þó meiri en oft áður. Rekstur hundafimi stendur einnig undir sér. Íþróttadeild hefur búið við aðstöðuleysi undanfarin ár auk þess sem tækjabúnaðurinn er lúinn. Húsnæðismálin eru til skoðunar en hætt er við að ekki verði að fullu úr bætt fyrr en félagið kemst í betra húsnæði fyrir starfsemi sína.

#### Þjónustu- og afrekshundar ársins

Í ár var Labrador retriever-hundurinn Þór „kóngurinn á Kleppi“ þjónustuhundur ársins og boxer-hundurinn Ísarr var afrekshundur ársins. Þeir voru heiðraðir á alþjóðlegri sýningu félagsins 14. nóvember 2016.

## Ungmennadeild

Stigahæstu ungu sýnendur ársins 2016 voru þær Hrönn Valgeirsdóttir í yngri flokki og Hafdís Jóna Þórarinsdóttir í eldri flokki. Hafdís Jóna var einnig fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts 2016 á Englandi þar sem hún náði þeim frábæra árangri að vera valin í tíu keppenda úrslit.

Berglind Gunnarsdóttir var fulltrúi Íslands á Evrópusýningunni í Belgíu og var félaginu til sóma. Landslið Íslands tók einnig þátt í Norðurlandakeppni ungra sýnenda í Danmörku en liðið skipuðu þær Berglind Gunnarsdóttir, Elena Mist Theodórsdóttir, Hafdís Jóna Þórarinsdóttir og Vaka Víðisdóttir. Liðið náði 3. sæti í liðakeppninni sem er glæsilegur árangur.

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ var haldinn hátíðlegur þrisvar á starfsárinu. Á þessum viðburðum gefst sýnendum á öllum aldri tækifæri á að spreyta sig í sýningarhringnum. Þátttaka var góð og almenn ánægja með viðburðina sem fyrr. Árið 2016 fékk deildin einnig tvo erlenda dómara með sérþekkingu á ungum sýnendum til að dæma ásamt því að halda námskeið fyrir unga sýnendur.

Mikið og öflugt starf er á vegum Ungmennadeildarinnar og framtíðin er björt þegar svo gott starf er unnið með unga fólkinu. Pedigree og Dýrheimar ehf. eru aðalstyrktaraðilar Ungmennadeildar HRFÍ. Til að fjármagna utanlandsferðir og starf deildarinnar heldur deildin einnig úti fjáröflun, til dæmis með sýningaþjálfunum og Degi Ungmennadeildar en einnig hefur deildin umsjón með veitingasölu á sýningum félagsins.

## Sýningadómarar

Á þessu starfsári viðurkenndi félagið einn nýjan sýningadómarar, Auði Sif Sigurgeirsdóttur, með FCI dómaraéttindi á nokkrar tegundir. Stjórn samþykkti tillögur sýningadómaranefndar um nýjar reglur um sýningadómaranám á árinu. Í kjölfarið stóð nefndin fyrir prófum hjá starfandi dómurum á nýjar tegundir og er það í fyrsta skipti sem slík próf eru haldin hjá félaginu. Í dag eru 11 sýningadómarar hjá félaginu sem hafa dæmt víða erlendis á árinu en Guðrún R. Guðjohnsen, fyrrverandi formaður félagsins og heiðursfélagi, er hætt að dæma sökum aldurs. DKK hefur aðstoðað ríkulega og í raun annast að mestu leyti kennslu og prófraunir sýningadómaranema.

## Veiðiprófsdómarar

Vinna við að þýða og staðfæra reglur um nám fuglahundadómara er í gangi hjá stjórn HRFÍ og verður sú vinna unnin í samvinnu við veiðiprófsdómara og fulltrúa úr stjórnnum deilda tegundahóps 7. Til skoðunar er að leita eftir aðstoð frá systrafélagi úr NKU en óljóst er að hvaða marki og hversu mikla aðstoð HRFÍ kys að fá og hvaða aðstoð er í boði.

Einn nemi er í dómaranámi í tegundahópi 8.

Dagur Jónsson veiðiprófsdómari féll frá á árinu eftir erfið veikindi. Dagur skipaði stóran sess í starfi Retrieverdeildar sem dómari, ræktandi og virkur félagsmaður. Verður hans minnst og sárt saknað.

## Hringstjórar

Tvö hringstjóranámskeið voru haldin á tímabilinu og voru þau bæði vel sótt. Við vonumst til að þátttakendur skili sér vel í starf félagsins í framhaldi.

## Skráningar

Tafla með tölum úr skráningakerfi HRFÍ árin 2013, 2014, 2015 og 2016:



	2013	2014	2015	2016 frávik		%
Hvolpar	1148	1094	1078	1308	230	18%
Got	260	260	251	294	43	15%
Meistarastigssýningar (allar teg)	1	1	3	1	-2	
Alþjóðlegar sýningar (allar teg)	3	4	4	4	0	
Deildarsýningar	8	4	9	6	-3	
Félagsmenn	1889	2078	1916	3061	1145	37%
Deildir	30	30	30	29	-1	
Skráðir hundar á árinu	1233	1179	1159	1410	251	18%
Skráðir hundar alls frá upphafi ca	17696	18875	20034	21444	1410	7%
Augnskoðaðir hundar	607	578	616	607	-9	
Sýndir hundar (allar sýn)	3508	4075	5025	3847	-1178	-31%
Sýndir hundar (all breed sýningar)	2989	3722	4312	3450	-862	-25%
Sýndir hundar (deildarsýningar)	446	144	518	397	-121	-30%
Sýndir hundar (hvolpasýningar)	73	209	195	0	0	
Nýjar tegundir á árinu	4	1	4	4	0	
Innfluttir hundar	85	85	81	102	21	21%
HD (alls)	148	151	163	165	2	
AD (alls)	64	67	84	73	-11	-15%
HD (sent í gegnum HRFÍ)	70	79	111	83	-28	-34%
AD (sent í gegnum HRFÍ)	32	40	60	45	-15	-33%
Ræktunarnöfn	31	40	22	43	21	49%
Vinnupróf/skaperðarmat	62	72	77	93	16	17%
Veiðipróf tegundahópur 7 & 8	458	440	412	381	-31	-8%
Námskeið Hundafimi	19	19	43	32	-11	-34%
Námskeið Hundaskóli	77	81	82	63	-19	-30%

## Félagsblaðið Sámur

Félagið gefur út félagsblaðið, Sám, í þeim tilgangi meðal annars að fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda. Blaðið kom út tvisvar á árinu, í júní og desember. Ritstjóri Sáms, Klara Símonardóttir, ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og verkefnastjóra HRFÍ. Öflug 11 manna ritnefnd undir stjórn Klöru gerir félaginu mögulegt að gefa út blaðið svo því sé sómi af.

Fréttablaðið Litli Sámur kemur út mánaðarlega en þar greina deildir frá því sem helst hefur verið á döfnni hjá þeim og einnig nýtir skrifstofa þann vettvang til að koma á framfæri fréttum og öðru efni til félagsmanna.

## Starf ræktunardeilda

Hlutverk og verksvið ræktunardeilda.

Í dag eru 25 ræktunardeildir innan HRFÍ sem hafa það hlutverk að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina sem varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnnum ber að halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við

ræktun. Að endingu er deildum ætlað það hlutverk að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyra.

Stjórnir ræktunardeilda bera ábyrgð á starfi þeirra en geta leitað til stjórnar eftir stuðningi og leiðsögn. Deildir eru misduglegar að nýta sér þessa aðstoð og eins er nokkuð um að deildir sendi inn erindi af öðrum toga og þá ekki nægilega vel undirbúin. Stjórn vill hvetja ræktunarstjórnir að vanda til og hafa erindin skýr. Þannig þurfa erindi að bera það með sér hvaða ákvörðun ætlast er til að stjórn taki og á hvaða forsendum. Atvik eiga að liggja fyrir sem og rökstuðningur fyrir niðurstöðu sem óskað er eftir. Liggja ekki fyrir allar upplýsingar er alltaf kostur að óska eftir fundi með stjórn HRFÍ eða fulltrúa stjórnar sem lið í undirbúningi að erindi.

Þá vill stjórn nýta tækifærið og benda deildum á að nýta betur fulltrúaráðsfundi félagsins, sem samkvæmt lögum félagsins er samráðsvettvangur stjórnar HRFÍ og ræktunarstjórna. Þar geta ræktunarstjórnir komið að ábendingum og gagnrýni á starf innan félagsins eða regluverk þess. Til að auka enn frekar aðgang deilda og almennra félagsmanna að stjórn, boðaði stjórn til sérstakra funda með deildunum þar sem málefni þeirra voru rædd og hélt einnig „opin hús“ fyrir alla félagsmenn. Til skoðunar er að bjóða upp á viðtalstíma í stað opins húss þar sem félagsmönnum, þar á meðal fulltrúum deilda, gæfist tækifæri að ræða málefni félagsins sem á þeim brenna, fá leiðsögn eða skýringar.

Samkvæmt lögum félagsins ber deildum að halda ársfundi frá janúar til loka mars á hverju ári þar sem kosið er í stjórn. Þá skulu deildirnar skila skýrslu um starf liðins árs til stjórnar HRFÍ ásamt skýrslu um fjárhag. Skýrslu skal skilað fyrir 15. apríl ár hvert. Í lok þessa starfsárs eru fimm deildir sem ekki hafa skilað ársskýrslu og stjórn því ekki verið upplýst um starf þeirra. Um er að ræða Boxerdeild, Pincher-, mastiff og fjallahundadeild, Spitzhundadeild, St. Bernharðsdeild og Yorkshire terrierdeild. Er áhyggjuefni að heyra ekki frá þessum deildum enda sinna þær ábyrgðarhlutverki gagnvart deildarmeðlimum og hundakynjum sem eiga skjól hjá þeim.

Að gefnu tilefni eru deildir minntar á að ef viðburðir á vegum þeirra eru haldnir eiga allar greiðslur að fara í gegnum deildina en að öðrum kosti sé það skýrt sett fram að um einkaframtak sé að ræða.

DÍF: Endurskoðun ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins

Eitt af helstu markmiðum félagsins er að standa vörð um ræktun og markmið íslenska fjárhundsins, þjóðarhunds Íslendinga. Endurskoðun ræktunarmarkmiðs hefur nú verið í gangi í rúm tíu ár og sér loks fyrir endann á þeirri vinnu en stjórn DÍF sendi stjórn HRFÍ tillögur að breytingum á markmiði á íslensku og ensku þann 8. nóvember síðastliðinn. Fjölmargir hafa komið að endurskoðuninni í gegnum árin, margir fundir verið haldnir og hvert orð textans rætt ítarlega.

Það setti strik í reikninginn í þessari vinnu að FCI breytti einu orði í samþykktu markmiði árið 2007 en sakvæmt reglum samtakanna þurfa að líða fimm ár á milli breytinga á markmiði. Breytingar, sem stjórn HRFÍ samþykkti í febrúar 2010, fengu því ekki afgreiðslu FCI og var málið sett í bið.

Vinna var tekin upp aftur árið 2013 og hefur verið markviss frá þeim tíma. Stjórn hefur ekki afgreitt endanlegar tillögur þar sem til stendur að kynna þær fyrst fyrir ræktendum íslenska fjárhundsins og öðrum áhugasömum félagsmönnum og gefa þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum.

Kröfur um heilsufarspróf og reglur um undaneldi hunda.

Mikilvægasta hlutverk ræktunardeilda er að standa vörð um ræktun. Stjórn, í samráði við ræktunarstjórnir og að fengnu álitum Vísindanefndar, setur kröfur um heilsufarspróf einstakra hundakynja og reglur og/eða takmarkanir um undaneldi hunda. Á árinu samþykkti stjórn breytingar á kröfum um heilsufarspróf íslenska fjárhundsins og vísaði til umfjöllunar Vísindanefndar erindum deilda um breytingar á heilsufarskröfum undaneldishunda af kynjunum Lhasa apso, Pug, Russian Toy, Tíbet Terrier og erindi DÍF um lengri gildistíma augnskoðana og fleira.

Samráðsfundir ræktunarstjórna og stjórnar HRFÍ

Á síðasta starfsári hélt stjórn þrjá samráðsfundi með stjórnunum ræktunardeilda þar sem farið var yfir regluverk félagsins og hlutverk ræktunardeilda rætt auk þess sem umræður áttu sér stað um stöðu deildanna og stjórn sat fyrir svörum. Fundirnir eru liður í því að halda betur utan um starf deildanna sem og að auka samskipti milli ræktunarstjórna og stjórnar HRFÍ. Boðið er upp á slíka fundi að beiðnum stjórna ræktunardeilda og hefur verið minnt á þennan valkost, sem deildir hafa, á fulltrúaráðsfundum. Engin ræktunardeild óskaði eftir fundi á liðnu starfsári.

Deildarsýningar

Á árinu voru sex deildarsýningar haldnar en þeim fækkaði um þriðjung frá síðasta ári. Haldin var sérsýning tibetskra tegunda en einnig héldu Retrieverdeild, Deild íslenska fjárhundsins, Schnauzerdeild og Siberian huskydeild deildarsýningar á árinu.

Vinna við endurskoðun reglna um starfshætti ræktunardeilda og tillögur starfshóps félagsins

Í stefnuskrá félagsins er talað um að huga þurfi að lágmarksstærð deilda og sameiningu eftir þörfum. Mjög litlar deildir eru oft óhentugar starfseiningar þar sem öll vinna lendir á höndum fárra sem eiga til að kulna í starfi og starfsemi leggst af.

Stjórn hefur undanfarin misseri unnið að endurskoðun reglna um stofnun og starf ræktunardeilda. Samhliða þeirri endurskoðun telur stjórn nauðsynlegt að leggja til nokkrar breytingar á lögum félagsins, eins og gert hefur verið grein fyrir á viðeigandi hátt og kosið verður um undir dagskrárliðnum „lagabreytingar“.

Samþykkt var á síðasta félagsfundi sameining Spanieldeildar, Amerísk cocker spanieldeildar og Ensk cocker spanieldeildar. Einnig var tillaga stjórnar um stofnun Ensk setterdeildar lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar samkvæmt ákvæðum 21. greinar laga félagsins og var hún samþykkt

Húsnæðismál

Félagið er eigandi að einkahlutafélaginu Ra ehf. sem er aftur eigandi að skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 15 þar sem skrifstofa félagsins er til húsa. Félagið skuldar vegna kaupa á hlutafé í Ra tæpar 24 milljónir króna en lánið hvílir á fasteigninni. Húsnæðismál félagsins eru í sífelldri skoðun hjá stjórn en á fyrra ári var gerð skoðanakönnun meðal virkra félagsmanna. Meirihluti þátttakenda taldi að húsnæði félagsins ætti að hafa aðstöðu fyrir skrifstofu ásamt fundaraðstöðu fyrir félagsmenn og aðstöðu þar sem hægt væri að halda æfingar, keppnir og litlar sýningar. Niðurstaða skoðanakönnunarinnar var sú að félagsmenn væru almennt ánægðir en myndu vilja auka við aðstöðu félagsins.

Stjórn sendi formlegt erindi til Reykjavíkurborgar á starfsárinu og fundur með fulltrúum Reykjavíkurborgar um lóð til afnota fyrir starfsemi félagsins var haldinn í apríl 2017.

Þetta er langtímaverkefni og ljóst að ákvörðun um sölu félagsins eða fasteignarinnar og kaup á annarri fasteign telst meiriháttar fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefði ákvörðunarvald um.

## Reglugerð um hollustuhætti

Formaður félagsins í samstarfi við starfshóp um samskipti við opinbera aðila ritaði á síðasta ári bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna baráttu fyrir rýmkun á ákvæði 19. greinar reglugerðarinnar og fékk þau svör að það væri til skoðunar í ráðuneytinu. Sumarið 2016 fóru formaður og fyrrum framkvæmdastjóri á fund ráðherra sem staðfesti að til stæði að rýmka reglurnar en engin loforð fengust um tímasetningar og fleira. Stjórn telur að nú þegar nýr ráðherra hefur komið í ráðuneytið og fengið svigrúm til að átta sig á starfi þess þá skapist tækifæri að herja á breytingar að nýju.

Reykjavíkurborg samþykkti á árinu tillögu starfshóps um að hundar yrðu í tilraunaskyni leyfðir í almenningsvögnum Strætó. Félagið átti fulltrúa í starfshópnum og fagnar þessari framför í réttindamálum hundaeigenda og vonar að hún sé komin til að vera.

## Erlent samstarf

Formaður og fyrrum framkvæmdastjóri félagsins sóttu fund Evrópusvæðis FCI í Brussel 29. ágúst 2016. Á fundinum kom fram aukin áhersla á alþjóðlegt samráð og samvinnu sýningadómarar aðildarfélaga. Evrópusvæðið styrkti dómara nefnd FCI (e. FCI Judges Committee) um 10.000 evrur til að halda ráðstefnu fyrir dómara í tengslum við Evrópusýningu félagsins í Kiev á næsta ári. Þá var haldinn viðburður í Brussel til að vekja athygli á gagnsemi hundsins og hvernig hann bætir samfélag manna. Samþykktir FCI eru í heildarendurskoðun, ekki síst vegna mótmæla norrænu aðildarfélaganna í kjölfar samþykktar FCI á að heimssýning yrði haldin í Kína. Þar er meðal annars verið að skoða vægi og áhrif einstakra aðildarfélaga. HRFÍ þarf að gæta hagsmuna sinna þar sem félagið er lítið, með fáa félagsmenn og alþjóðlegar sýningar þar sem landfræðileg staðsetning og hindranir á flutningi hunda milli landa gera það ómögulegt að bjóða upp á fjölmennar sýningar.

Formaður sótti NKU-fund í Osló dagana 10. og 11. október 2016. Meðal helstu verkefna, sem NKU er að vinna að, er sameiginleg vefsíða NKU. Þá voru málsmeðferðarreglur samþykktar fyrir viðurkenningu NKU á nýjum tegundum sem ekki hafa enn hlotið samþykki FCI en í aðalatriðum er gengið út frá því að reynt verði að taka sameiginlega ákvörðun um viðurkenningu slíkra tegunda og ákvörðun um heimild til þátttöku þeirra í sýningum og keppnum. Evrópsk neytendalöggjöf er til mikillar umræðu milli NKU-landa.

Þá var haldinn sýningastjórnarfundur NKU í Reykjavík 25. október síðastliðinn en þann fund sótti formaður félagsins og formaður sýningastjórnar fyrir hönd HRFÍ. Á fundinum var endanlega klárað og samþykkt regluverk um Nordic Winner sýningar sem fyrirhugað er að fari í gang 2018.

## Á döfinni

Á síðustu tveimur starfsárum stjórnar var hafist handa við stór og viðamikil verkefni sem næsta stjórn mun vonandi halda áfram með. Vinna að endurskoðun reglna um umgjörð um stofnun og niðurfellingu ræktunardeilda er lokið og hefur meðal annars leitt til tillagna að breytingum á lögum félagsins sem kosið verður um á aðalfundi.

Þá eru komnar fram tillögur að umbótum, eins og embætti umboðsmanns félagsmanna og kærunevnd. Þá er í fyrsta skipti kosið í stjórn félagsins utan kjörfundar í fimm daga fyrir aðalfund og hefur verið unnið að gerð regluverks til að gera það að veruleika.


Síðasta ár hefur miklum tíma verið varið í innri málefni félagsins, ekki síst rekstur skrifstofu. Komið hafa upp erfið tilvik sem þurft hefur að bregðast við og setja í farveg. Unnið hefur verið að umbótum á regluverki og fundir haldnir með stjórnvöldum til að þrýsta á um úrbætur á réttindum hundaeigenda

og til að óska eftir aðstoð við að koma okkur upp betri aðstöðu fyrir starfsemi félagsins. Þrátt fyrir mikið starf á síðastliðnu ári er ærið starf framundan fyrir nýja stjórn.

Gagnagrunnur félagsins og í framhaldinu heimasíða þess hlýtur að vera ofarlega á lista þeirra mála sem ný stjórn kys að leggja áherslu á. Húsnæðismál félagsins, réttindabaráttan, stytting einangrunar sem og að fylgjast vel með þróun mála innan FCI og systrafélögum okkar í NKU. Jafnvel þótt fullur árangur næðist í þeim málaflokkum yrði af nógu að taka.

Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag - áhugamannafélag - og fólkið sem þar starfar að einstökum hugarefnum sínum gerir það að mestu leyti í sjálfböðastarfi. Stjórn vill nota tækifærið og þakka af heilum hug þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að fjölbreytt starfsemi félagsins fengi að blómstra og dafna á síðasta starfsári. Félagið okkar styrkist með hverju ári og rödd okkar er farin að heyrast betur í opinberri umræðu en mest um vert er að almennir félagsmenn verða sífellt virkari í starfinu, sýna meira frumkvæði og taka ábyrgð. Okkur þykir öllum vænt um þennan félagsskap og viljum veg hans sem mestan. Það er bæði gaman að vera saman en það gerir okkur líka að sterkum hornsteini góðrar hundamenningar á Íslandi.


Reykjavík 11. maí 2017



Herdís Hallmarsdóttir formaður




Daniel Örn Hinriksson, varaformaður



Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari



Þorsteinn Thorsteinson, gjaldkeri



Pétur Alan Guðmundsson, meðstjórn.



Guðbjörg Guðmundsdóttir, varastjórn

Brynja Tomer, varastjórn